



Síldarminjasafn Íslands ses  
Snorrögata 15, 580 Siglufjörður, kt. 661006-1530  
safn@sild.is – www.sild.is – s. 467 1604

## Ársskýrsla Síldarminjasafns Íslands ses. 2012

Rekstur safnsins var með líkum hætti og undanfarin ár. Fastráðnir starfsmenn voru þrír á árinu, en fagstjóri safnsins fór í barnsburðarleyfi í september. Gerður var samningur við Vinnumálastofnun í febrúar og var ráðinn einn starfsmaður í sex mánuði. Tók hann þátt í ýmsum fyrirliggjandi verkefnum: viðhaldi húsa, tiltekt, bryggjasmíði og lóðaframkvæmdum svo dæmi séu tekin. Sex sumarstarfsmenn önnuðust safngæslu og önnur verkefni.

Aðsókn að Síldarminjasafninu var góð á síðasta ári, eða 17.000 manns. Hlutfall erlendra gesta var 32% og er það töluvert hærra en undanfarin ár (t.d. 20% árið 2011). Mikil aukning varð í bókunum hópa á vegum ferðaskrifstofa og fóru fram 25 síldarsaltanir á planinu við Róaldsbrakka!

Miklar framkvæmdir fóru fram á safninu, ber þar helst að nefna viðhald á húsakosti safnsins, vinnu við undirbúning nýrra sýninga og framkvæmdir á safnlóðinni.

Skipt var um þak á Andrésarhúsi í upphafi árs og haldið var áfram með viðgerð á Tý SK 33 sem stendur við bryggju í Bátahúsinu.

Sveitarfélagið Fjallabyggð afhendi Síldarminjasafninu gamla Slippinn til eignar í mars 2012 og var þá þegar hafist handa við tiltekt og viðgerð á húsinu. Skipt var um hluta þaksins, sett var upp sögusýning um bátasmíðar og verkstæðinu sjálfu var komið í notkun. Ákveðið var að styrkja Hjalta Hafþórssonar við að smíða tilgátubát af 10. aldar arabát í Slippnum.

Gömul frystivélasamstæða úr síldarfrystihúsi Ásgeir Péturssonar frá 1929 var flutt í vélasal síldarfrystihúss Gísla J. Johnsen (1928). Ætlunin er að opna frystihús-sýninguna í sumarbyrjun 2013. Sýningarrými Síldarminjasafnsins verður þá að grunnfleti 2500m<sup>2</sup> samtals.

Þá fóru fram miklar framkvæmdir á safnlóðinni. Eftir að vegurinn við Snorrögötu var færður haustið 2011 voru endurbætur á lóð Síldarminjasafnsins mjög aðkallandi. Ráðist var í smíði bryggjupalla sem auðvelda gestum aðgengi að sýningarhúsum - auk þess framkvæmdin bætti mjög ásýnd safnsins.

Á Jónsmessuhátíð safnsins var fjallað um 100 ára sögu fiskimjöl- og lýsisiðnaðar í landinu. Starfsmenn safnsins unnu rannsóknarvinnu gagnvart þeirri sögu og unnin var sögusýning á 15 skiltum og sem verður til frambúðar á Gránuloftinu en jafnframt sem farandsýning um landið á næstu árum. Einnig var haldið málþing um sögu og stöðu bræðsluiðnaðarins í dag. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Guðni Th. Jóhannesson, sagnfræðingur, Jón Reynir Magnússon, fulltrúi Félags íslenskra fiskmjölsframleiðenda og Guðmundur J. Óskarsson, fiskifræðingur frá Hafró. Þetta afmælisverkefni naut góðra styrkja frá Félagi íslenskra fiskmjölsframleiðenda og menningarráðum Eyþings og Austurlands.

Í samstarfi við Dúa Landmark og fleiri var unnið að stuttri kynningarmynd um Gústa guðsmann sem frumsýnd verður á Jónsmessuhátíð 2013 og einnig verður hún í stöðugri sýningu í beitingaskúr Bátahússins auk þess að verða aðgengileg fyrir alla á heimasíðu safnsins.

Á haustdögum hófu starfsmenn safnsins rannsókn á sögu Siglufjarðar þar sem grafið er fyrir um heimildir sem snerta höfnina og sjósókn Siglufirðinga frá fyrstu búsetu og fram á 20. öld. Gæti þetta verk orðið upphaf á söguritun og bók sem kæmi út árið 2018 þegar minnst ber 100 ára afmælis Siglufjarðarkaupstaðar.

Skráning á gripum safnsins í Sarp, menningarsögulegan gagnagrunn, og aðfangabók stóð yfir í sex mánuði með sérstökum styrk frá Safnaráði. Tölusettar voru 98 nýskráningar í aðfangabók safnsins og í Sarp var unnið að 162 færslum og inniheldur hver skráning einn eða fjölda gripa. Með þessari vinnu hefur mikilvægt skref verið stigið í þá átt að fullnægja þeim kröfum sem Safnalög gera til allra viðurkenndra safna í landinu um skráningu safnkosts.

Framlagi menntamálaráðuneytis til Síldarminjasafnsins á síðasta ári var varið til bæði reksturs og verkefna. Eins og greint hefur verið frá voru framkvæmdir á árinu allmiklar og sumar algjörlega óumflýjanlegar og varð kostnaður við þær töluvert hærri en ráð var fyrir gert. Töluverður halli varð á rekstri safnsins á árinu en Sparisjóður Siglufjarðar lagði til 10 milljón króna skammtímalán í formi yfirdráttar á hagstæðum vöxtum.

Siglufirði, 2. apríl 2013

---

Örlygur Kristfinnsson safnstjóri

